



FJÖLBREYTTAR BIRTINGARMYNDIR KYNFERÐISOFBELDIS

Kynferðislegt ofbeldi er mjög breytilegt og getur haft ýmsar birtingarmyndir. Mikilvægt er að notast ekki við of þröngar og þar af leiðandi útilokandi skilgreiningar þegar verið er að fjalla um kynferðisofbeldi. Það skiptir máli hvernig við tölum um ólíkar tegundir kynferðisofbeldis, það getur t.d. haft mjög neikvæð áhrif á brotþola ef lítið er gert úr sumum birtingarmyndum eða meira úr öðrum.

KYNFERÐISLEGT OFBELDI ER:

- Skerðing á kynfrelsi einstaklings og þegar einhver þröngvar þér til eða fær þig til að gera eitthvað kynferðislegt sem þú vilt ekki gera.



Skilgreiningar á ólíkum birtingarmyndum

- **Kynferðisofbeldi gegn barni:** Allt kynferðislegt atferli gagnvart barni. Slíkt atferli hæfir ekki aldri og þroska barnsins. Börn geta ekki veitt samþykki fyrir kynferðislegum athöfnum sem þau hafa ekki aldur og þroska til að skilja (slíkt getur t.d. átt sér stað þegar einstaklingur eða annað barn sem eru tengd barninu misnotar traust, undirgefni, valdamun (eins og aldursmun og meiri reynslu) á einhvern máta).
- **Nauðgun eða nauðgunartilraun:** Kynferðisofbeldi þar sem einhver hefur eða gerir tilraun til að hafa samræði/eða önnur kynferðismök við manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstjórn hennar á bak aftur.
- **Vændi/mansal:** Kynferðisofbeldi þar sem einstaklingur/eða þriðji aðili þiggur einhverskonar greiða eða greiðslu í skiptum fyrir kynferðislega athöfn/athafnir.
- **Kynferðisleg áreitni:** Kynferðisofbeldi þar sem einhver sýnir manneskju kynferðislega hegðun sem er særandi og er gegn vilja hennar. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn.
- **Klámefni** er beitt sem kynferðisofbeldi þegar einhver notar klámefni til að misbjóða manneskju á einhvern hátt. Eða þegar klámnotkun einhvers misbýður manneskju á einhvern hátt.
- **Stafrænt kynferðisofbeldi:** Kynferðisofbeldi þar sem einhver birtir, dreifir eða geymir eða hótar að birta, dreifa eða geyma texta og/eða myndefni til dæmis ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilegt efni þar sem manneskja er sýnd nakin eða á kynferðislegan hátt gegn vilja hennar.

Nánari dæmi um kynferðislegt ofbeldi og áreitni er t.d.:

- Kossar eða snerting gegn vilja þínum
- Harkalegar eða ofbeldisfullar kynferðislegar athafnir án þíns samþykkis
- Að neita að nota smokk eða taka hann af án þess að bólfélaginn viti af því
- Kynlíf með einhverjum sem er mjög drukkinn eða undir áhrifum fíkniefna og getur ekki veitt meðvitað, einlægt samþykki – hvort sem manneskjan er vakandi eða meðvitundarlaus
- Að nota hótanir til að þröngva einhverjum til kynferðislegra athafna
- Að þrýsta á einstakling að taka þátt í kynferðislegum athöfnum af einhverjum toga

Dæmi um kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni og ofbeldi

Orðbundið	Táknrænt	Líkamlegt
<p>Þrýstingur um kynferðislega greiða</p> <p>Óvelkomin kynferðisleg eða kynbundin stríðni, grín, athugasemdir eða spurningar.</p> <p>Persónulegar spurningar um einkalíf eða kynlíf eða að breiða út orðróm um kynferðislega hegðun einstaklings</p> <p>Kynbundnar eða kynferðislegar athugasemdir um klæðnað eða útlit einstaklings</p> <p>Óviðeigandi og/eða þrálát boð á stefnumót</p> <p>Að láta starfsmann klæðast á kynferðislegan eða kynbundinn hátt við vinnu</p>	<p>Óvelkomnar kynferðislegar augngotur eða önnur hegðun sem gefa eitthvað kynferðislegt til kynna</p> <p>Flauta á eftir einstaklingi</p> <p>Sýna eða senda kynferðislegt efni s.s. gegnum SMS, tölvupóst eða samfélagsmiðla</p> <p>Að hengja upp plaköt, dagatöl eða myndefni sem innihalda kynferðislegt efni eða niðurlægja annað kynið</p>	<p>Nauðgun eða tilraun til kynferðislegs ofbeldis</p> <p>Hrista, slá, sparka, bíta eða rassskella</p> <p>Óvelkomin faðmlög, kossar, klapp eða strokur</p> <p>Að fara inn á persónulegt rými einstaklings, s.s. með því að halla sér yfir eða króa af enda sé hegðunin óvelkomin</p> <p>Óvelkomin snerting, grip og þukl</p>

Tafla: ASÍ, BHM, BSRB, KÍ, Jafnréttisráð og Jafnréttisstofa: Kynbundin og kynferðisleg áreitni og ofbeldi á vinnustöðum

KYNLÍF vs KYNFERÐISOFBELDI

KYNLÍF BYGGT Á SAMÞYKKI OG VIRÐINGU:	NÁND SAMÞYKKI ÁNÆGJA MÖRK VIRT VIRÐING GAGNKVÆMT TALA SAMAN
KYNLÍF SEM EINHVERJUM LÍÐUR EKKI VEL MEÐ:	SKEYTINGARLEYSI MARKALEYSI SAMSKIPTALEYSI UPPLIFA SEM SKYLDU SKAÐAR SJÁLFTAUST ÓÖRYGGI
KYNFERÐISOFBELDI. ÞVINGUNUM BEITT EÐA ÁN SAMÞYKKIS:	HLUTGERA ÁN SAMÞYKKIS ÞVINGANIR KRÖFUR UM KYNLÍF STJÖRNUN EIGNARHALD NIÐURLÆGING SUÐAÐ JÁ

SJÚKÁST

JÁ TAKK!
MEIRA SVONA

AHHH...
EKKI ALVEG
MÁLID

STOPP

NEI TAKK.

Æfing

- Hvernig tölum við um ólíkar birtingamyndir kynferðisofbeldis

1. Skrifðu niður dæmi um kynferðisofbeldi sem þú hafið heyrt einhvern gera lítið úr, draga úr alvarleika eða efast um að kynferðisofbeldi sé að ræða?

2. Hvaða áhrif hefur slík umræða og viðbrögð?
 - a. á brotþola

 - b. á hvernig er tekið á málinu

 - c. á samfélagið

3. Hvernig viðbrögð finnst þér vera viðeigandi?